

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kílhrauns, lóðir 21 og 23 við Áshildarveg.

Í breytingunni felst að lóðin Áshildarvegur 23 stækkar úr 6.400 m² í 7.200 m² og lóð 21 minnkar úr 6.400 m² í 5.600 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 2. desember 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. janúar 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.